

Laugardaginn 20. september 1947.

Kærumálið nr. 14/1947. Magnús Thorlacius

gegn

Eggert Claessen.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Kærður úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands um þóknun máflutningsmanns.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 27. júní þ. á., er hingað barst 2. júlí s. l., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, upp kveðnum 27. júní 1947 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju. Til vara krefst hann þess, að málinu verði vísað frá stjórn Lögmannafélagsins, til þrautavara, að hann verði sýknaður af kröfum varnaraðilja og til ýtrustu vara, að þóknun hans, er í málinu greinir, verði ákveðin 300 krónur. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 27. júní 1947.

Ár 1947, föstudaginn 27. júní, átti stjórn Lögmannafélags Íslands fund með sér í skrifstofu formanns. Á fundinum voru mættir formaður félagsins, hrl. Einar B. Guðmundsson, ritari þess hdl.

Ágúst Fjeldsted og varastjórnandi hrl. Gunnar Þorsteinsson, sem mættur var vegna forfalla gjaldkera félagsins, hdl. Gunnars E. Benediktssonar. Á fundinum var tekið fyrir: Ágreiningsmálið nr. 1/1947: Eggert Claessen gegn Magnúsi Thorlacius, og í því kveðinn upp svo hljóðandi úrskurður:

Á árinu 1946 hafði sóknaraðili máls þessa, hrl. Eggert Claessen, til innheimtu kröfur fyrir danskt firma. Mun nefnt firma og málflutningsmenn þess í Danmörku hafa snúið sér til sóknaraðilja og óskað upplýsinga um árangur innheimtustarfsins. Þar sem dráttur varð á svari sóknaraðilja, snéru hinir dönsku málflutningsmenn sér til varnaraðilja, hrl. Magnúsar Thorlacius, og óskuðu aðstoðar hans.

Hinn 12. júní 1946 sendi varnaraðili sóknaraðilja svo hljóðandi bréf:

„Overretssagf. Carl Staffeldt og Sagf. cand. jur. Sven Staffeldt í Kaupmannahöfn hafa skrifað mér og beðið mig að grennslast eftir, hvers vegna þér svarið hvorki þeim né umbjóðendum þeirra, firmanu Hindenburgs Eftf., út af kröfum, sem þér hafið innheimt fyrir þetta firma.

Mér væri kært, ef þér létuð mér í té vitneskju um þetta fyrir 17. þ. m. og skýrslu um innheimtur þessar.“

Þessu bréfi svaraði sóknaraðili 18. júní 1946, er hann tilkynnti varnaraðilja, að hann hefði hinn 31. maí sent hinum dönsku málflutningsmönnum skilgrein yfir innheimturnar ásamt fé því, er hann hefði innheimt. Staðfestu hinir dönsku málflutningsmenn viðtöku á bréfi sóknaraðilja, því er að framan greinir, ásamt innheimtum peningum.

Töldu málflutningsmennirnir, að sóknaraðilja bæri að greiða þann kostnað, sem af því hefði hlotizt, að þeir leituðu aðstoðar varnaraðilja. Féllst sóknaraðili á þetta og óskaði eftir reikningi, er sýndi kostnaðinn. Barst honum bréf frá varnaraðilja, dags. 28. júní 1946, þar sem varnaraðili tilkynnti, að hinir dönsku málflutningsmenn hefðu falið honum að innheimta hjá sóknaraðilja þóknun út af málinu, að fjárhæð kr. 300.00. Óskaði varnaraðili greiðslu á þessari fjárhæð fyrir 3. júlí. Með bréfi, dags. 29. júní, til hinna dönsku málflutningsmanna mótmælti sóknaraðili þessari kröfu sem óhæfilega hárrí. Varnaraðili taldi þá, að hin áskilda þóknun væri í samræmi við lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og með bréfi, dags. 20. des. 1946, fóru hinir dönsku málflutningsmenn þess á leit við sóknaraðilja, að hann greiddi varnaraðilja umræddar kr. 300.00. Sóknaraðili vildi þó ekki fallast á þetta, og með bréfi, dags. 10. janúar 1947, snéri hann sér til stjórnar Lögmannafélags Íslands og beiddist úrskurðar félagsstjórnar um það, hvort framangreind krafa varnaraðilja um 300 króna þóknun gæti talizt hæfileg. Taldi sóknaraðili kröfuupp-

hæðina óhæfilega háa og yrði á þá skoðun fallizt, beiddist hann þess, að félagsstjórnin úrskurðaði, hvaða þóknun teldist sanngjörn handa varnaraðilja fyrir héraðlútandi störf hans.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi. Til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja, og til þrautavara, að þóknun hans verði ákveðin 300 krónur. Hvernig sem málið fer, krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Frávisunarkröfu sína byggir varnaraðili á því, að kröfur sóknaraðilja séu ekki dómhæfar. Kröfugerð sóknaraðilja sé þannig háttað, að samkvæmt henni sé óskað eftir álitum Lögmannafélags Íslands um atriði almenns eðlis, enda telur varnaraðili, að maður, sem krafinn er greiðslu á þóknun fyrir tiltekin málflytningisstörf, geti aldrei borið ágreining um réttmæti eða upphæð þóknunarinnar undir úrskurð félagsstjórnarinnar. Sá, sem reikning sendir eða krefst greiðslu, sé hinn eini aðili, sem krafizt geti úrskurðar um réttmæti eða upphæð áskilinnar þóknunar.

Samkvæmt 8. grein laga nr. 61/1942 hefur stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannna úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflytningstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. Telja verður, að samkvæmt þessu ákvæði hafi stjórn Lögmannafélags Íslands vald til þess að kveða á um endurgjald fyrir málflytningstarf, ef um það ris ágreiningur, og að hvorum aðilja sem er, þeim, er áskilur sér þóknun, og hinum, sem krafinn er þóknunar, sé heimilt að leita úrskurðar um upphæð þóknunarinnar. Þar sem um ágreining er að ræða, sem fjallar um endurgjald fyrir málflytningstarf, og krafa sóknaraðilja er nægilega rökstudd, er ekki unnt að taka frávisunarkröfu varnaraðilja til greina.

Á sama hátt þykir ekki unnt að taka kröfu varnaraðilja um sýknu til greina, þar sem sóknaraðili á samkvæmt framansögðu rétt á því að fá úrskurð um upphæð þóknunarinnar.

Í máli þessu er upplýst, að afskipti varnaraðilja af innheimtum þeim, er sóknaraðili hafði til meðferðar frá hinu danska firma, voru þau ein, að varnaraðili ritaði sóknaraðilja bréf 12. júní 1946, þar sem tekið er fram, að hann hafi verið beðinn að grennslast eftir, hvernig á því stæði, að sóknaraðili svaraði ekki hinu danska firma og málflytningismönnum þess, og jafnframt, að sóknaraðili léti varnaraðilja í té vitneskju um þetta fyrir ákveðinn tíma og skýrslu um innheimturnar. Er upplýst, að 13 dögum áður eða 31. maí hafði sóknaraðili sent dönsku málflytningismönnum skilgrein og innheimt fé í ávisun á danskan banka.

Telja verður, að venja sé, að félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands veiti hver öðrum ýmiss konar aðstoð, án þess að endurgjald komi fyrir. Þar sem sóknaraðili hefur hins vegar talið sér skylt að greiða endurgjald fyrir afskipti varnaraðilja af máli

Þessu, þykir verða að kveða á um upphæð endurgjaldsins, er telst hæfilega ákveðin 50 krónur.

Hins vegar verður að telja, að stjórn Lögmannafélags Íslands bresti heimild til þess að fella úrskurð um málskostnað.

Því úrskurðast:

Þóknun varnaraðilja, hrl. Magnúsar Thorlacius, fyrir afskipti hans af máli þessu telst hæfilega ákveðin 50 krónur.

Mánudaginn 22. september 1947.

Kærumálið nr. 15/1947. Bergsteinn Kolbeinsson

gegn

Einari Árnasyni

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjun frests í landamerkjamáli.

Dómur hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er upp kveðinn af Friðjóni sýslumanni Skarphéðinssyni ásamt samdómsmönnum Jakobi Karlssyni og Elíasi Tómassyni.

Með kæru 23. júní þ. á., er hingað barst 8. júlí s. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu 21. júní s. l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frest þar til seint í ágúst eða snemma í september þ. á. í máli varnaraðilja gegn honum.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úrgildi felldur og honum dæmdar 200 krónur í kærumálskostnað úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður, þar sem hans hefur ekki verið krafizt af hálfu varnaraðilja.